

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð nr. 277/2008 um aðgerðir til að tryggja flugöryggi og skrá yfir flugrekendur er ekki uppfylla viðeigandi öryggiskröfur.

#### 1. gr.

Við c-lið 4. gr. reglugerðarinnar bætast tveir nýir töluliðir, 40 og 41, sem orðast svo:

40. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/862 frá 1. júní 2022 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 474/2006 að því er varðar skrá yfir flugrekendur sem bannað er að stunda flugrekstur eða sæta rekstrartakmörkunum innan Sambandsins.
41. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/2295 frá 23. nóvember 2022 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 474/2006 að því er varðar skrá yfir flugrekendur sem bannað er að stunda flugrekstur eða sæta rekstrartakmörkunum innan Sambandsins.

#### 2. gr.

Með reglugerð þessari öðlast gildi hér á landi eftirtaldar gerðir:

Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/862 frá 1. júní 2022 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 474/2006 að því er varðar skrá yfir flugrekendur sem bannað er að stunda flugrekstur eða sæta rekstrartakmörkunum innan Sambandsins, samkvæmt ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 71 frá 17. mars 2023. Framkvæmdarreglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 30, frá 20. apríl 2023, bls. 489-505.

Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/2295 frá 23. nóvember 2022 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 474/2006 að því er varðar skrá yfir flugrekendur sem bannað er að stunda flugrekstur eða sæta rekstrartakmörkunum innan Sambandsins, samkvæmt ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 72 frá 17. mars 2023. Framkvæmdarreglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 30, frá 20. apríl 2023, bls. 506-519.

#### 3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 3. mgr. 228. gr. laga um loftferðir nr. 80/2022, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi.

*Innviðaráðuneytinu, 30. maí 2023.*

F. h. r.

**Valgerður B. Eggertsdóttir.**

*Eggert Ólafsson.*